

# STARFSLEYFI

*Fiskimjölsverksmiðja*

**Vinnslustöðin í Vestmannaeyjum**

Hafnargötu 2, 200 Vestmannaeyjum

Kt.: 700269-3299

## 1. ALMENN ÁKVÆÐI

### 1.1 Rekstraraðili

Starfsleyfi þetta gildir fyrir fiskimjölsverksmiðju Vinnslustöðvarinnar hf., Hafnargötu 2, Vestmanneyjum. Vinnslustöðin hf. er hér eftir nefnd rekstraraðili.

Komi nýr aðili að rekstri verksmiðjunnar getur hann sótt um að starfsleyfið verði fært yfir á hann, án þess að gefið verði út nýtt starfsleyfi, sbr. 27. gr. reglugerðar nr. 785/1999. Með umsókninni skulu fylgja gögn sem sýna fram á að rekstraraðilinn hafi tekið við rekstrinum.

Rekstraraðili getur falið verkta ka með öll tilskilin opinber leyfi að annast verk fyrir sig. Rekstraraðili ábyrgist þó áfram að ákvæðum starfsleyfisins sé framfylgt.

### 1.2 Umfang starfseminnar

Rekstraraðila er heimilt að framleiða fiskimjöl og lýsi úr fiski, afskurði og aukaafurðum, sem ætlaður er til endurvinnslu í verksmiðjunni.

Hámarksafköst verksmiðjunnar skulu við það miðuð, að framleitt verði úr 1200 tonnum af hráefni á sólarhring. Verksmiðjunni er einnig heimil almenn fiskflokkun og hrognataka og að nýta í framleiðslu sína frákast frá þeirri vinnslu. Starfsleyfi þetta gildir ekki um aðra vinnslu fiskafurða eða rekstur vélaverkstæðis.

### 1.3 Mengunarvarnir

Rekstraraðila ber að uppfylla gildandi lög og reglugerðir á starfssviði sínu. Rekstraraðili skal nota bestu fáanlegu tækni (BAT) við mengunarvarnir og nýta vel orku og vatn. Þegar aðferðum er beitt við mengunarvarnir sem valda því að mengun færist á milli andrúmslofts, vatns og jarðvegs skal lágmarka neikvæð áhrif á umhverfið (sambættar mengunarvarnir).

Besta fáanlega tækni hefur verið skilgreind í „BAT Best Available Technology in the Fishing Industry, TemaNord 1997:579 © Nordic Council of Ministers, Copenhagen 1997“. Lýsingar á mengunarvörnum finnast einnig í „Best Available Techniques (BAT) in Nordic Slaughterhouses, Bat-report TemaNord 2001:553“ og „Reference Document on Best Available Techniques in the Slaughterhouses and Animal By-products Industries, May 2005 (IPPC)“. Verði breytingar á bestu fáanlegu tækni skulu þær taka gildi og innleiddar samkvæmt ákvæðum í grein 1.7.

## 1.4 Breytingar á rekstri

Rekstraraðili skal veita Umhverfisstofnun upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á atvinnurekstrinum með góðum fyrirvara áður en ráðist verður í þær, sbr. 1. málsgrein 18. gr. reglugerðar nr. 785/1999. Ef um verulegar breytingar er að ræða skal rekstraraðili veita upplýsingar um þær með allt að átta mánaða fyrirvara. Á grundvelli breytinganna metur stofnunin hvort nauðsynlegt sé að gefa út nýtt starfsleyfi sbr. 2. mgr. 18. grein reglugerðarinnar.

## 1.5 Gangsetning og stöðvun rekstrar

Áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar skal vera til staðar, og fjalla annars vegar um tímabundna rekstrarstöðvun og hins vegar um varanlega rekstrarstöðvun. Í áætlun skal gera grein fyrir hvernig gengið skuli frá úrgangi, efnaafgöngum, óunnu hráefni, afurðum, húsnæði, tækjum og rekstrarsvæði.

Rekstrarstöðvun skal tilkynnt eftirlitsaðila með a.m.k. þriggja mánaða fyrirvara. Við lok rekstrar skal rekstraraðili tilkynna eftirlitsaðila um aðgerðir sínar samkvæmt áætluninni innan þriggja mánaða frá því að þeim lýkur.

Hvort sem rekstur stöðvast varanlega eða vegna tilfallandi vinnslustöðvunar skal alltaf lágmarka möguleg mengunaráhrif og skal tryggja að ekki sé skilið eftir hráefni eða kyrrstætt fráveituvatn. Þar sem um er að ræða árstíðabundna starfsemi skal rekstraraðili tilkynna eftirlitsaðila hvenær vertið hefst og hvenær henni lýkur.

## 1.6 Endurskoðun starfsleyfis

Endurskoða skal starfsleyfið að jafnaði á fjögurra ára fresti sbr. 20. gr. reglugerðar nr. 785/1999. Komi í ljós við endurskoðun að nauðsynlegt reynist að gefa út nýtt starfsleyfi skal fara eftir þeim reglum sem gilda um ný starfsleyfi.

Við endurskoðun skal rekstraraðili leggja fram til Umhverfisstofnunar skýrslu um árangur við að nýta orku vel sbr. gr. 1.3.

## 1.7 Breyttar forsendur

Ef eftirfarandi aðstæður skapast:

- mengun af völdum starfseminnar er meiri en gert var ráð fyrir við gerð starfsleyfisins,
  - fram koma nýjar reglur um mengunarvarnir,
  - breytingar verða á bestu fáanlegu tækni,
- getur útgefandi starfsleyfis krafist endurskoðunar starfsleyfisins sbr. 21. grein reglugerðar nr. 785/1999.

## 1.8 Valdsvið og þvingunarúrræði

Fylgi rekstraraðili ekki ákvæðum starfsleyfis, laga og reglugerða á starfssviði sínu, eða fyrirmælum eftirlitsaðila um úrbætur, getur eftirlitsaðili beitt ákvæðum VI. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, til að knýja fram úrbætur.

Eftirlitsaðila er þannig m.a. heimilt að veita tilhlýðilega fresti til úrbóta og veita áminningu sbr. 1. og 2. tl. 1. mgr. 26. gr. laganna.

Sinni rekstraraðili ekki fyrirmælum um úrbætur innan tiltekins frests er eftirlitsaðila heimilt sbr. 1. mgr. 27. gr. laganna að ákveða rekstraraðila dagsektir eða að láta vinna verk á kostnað rekstraraðila.

Jafnframt er eftirlitsaðila heimilt sbr. 3. tl. 1.mgr. 26. gr. laganna, ef um alvarleg tilvik eða ítrekuð brot er að ræða, eða sinni rekstraraðili ekki fyrirmælum um úrbætur innan tiltekins frests, að stöðva eða takmarka starfsemi rekstraraðila, eða afturkallað starfsleyfi reksturs.

Telji Umhverfisstofnun að um alvarlega hættu sé að ræða, og aðgerð þoli enga bið, er stofnuninni heimilt að stöðva rekstur til bráðabirgða þegar í stað og tilkynna það heilbrigðisnefnd svæðisins sbr. 29. gr. laganna.

## 1.9 Upplýsingaréttur almennings

Almenningur á rétt á aðgengi að upplýsingum um starfsleyfi og starfsleyfisumsókn í samræmi við ákvæði XI. kafla reglugerðar nr. 785/1999, og upplýsingum um mengunareftirlit í samræmi við VI kafla reglugerðar nr. 786/1999, um mengunarvarnaeftirlit.

Umhverfisstofnun birtir eftirlitsniðurstöður skv. grein 4.7 opinberlega. Birtingin er á vefsíðu stofnunarinnar eða með öðrum aðgengilegum hætti.

## 1.10 Umhverfisábyrgð

Rekstraraðili ber ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni af völdum atvinnustarfsemi sbr. lög nr. 55/2012, um umhverfisábyrgð, og skal koma í veg fyrir tjón eða bæta úr tjóni ef það hefur orðið og bera kostnað af ráðstöfunum sem af því leiðir.

# 2. VARNIR GEVN MENGUN YTRA UMHVERFIS

## HRÁEFNI OG ELDSNEYTI

### 2.1 Löndun

Löndunarþúnaður skal vera þéttur. Allt löndunarvatn og vatn frá grófskolun lesta skal tekið til vinnslu í verksmiðju eða meðhöndlað í hreinsibúnaði í samræmi við ákvæði greinar 2.16.

### 2.2 Uppsjávarfiskur

Magn reikulla basa í hráefni (TVN-gildi), sem tekið er til vinnslu í verksmiðju skal ekki fara upp fyrir 100 mg N/100 g (sjá fylgiskjal). Ef ekki tekst að uppfylla þessa kröfu, gilda ákvæði í 2.mgr. gr. 2.9.

Rekstraraðili skal gera kröfur um að afli sem kemur til vinnslu sé ísaður eða kældur eftir því sem unnt er, til að tryggja ferskt hráefni. Sé ekki hægt að koma því við skal rotverja eða ísa afla við löndun. Þetta gildir þó ekki um afla á vetrarvertið sem unninn er innan þriggja sólarhringa frá veiðum.

### 2.3 Afskurður/aukaafurðir

Afskurður og fráflokkaður fiskur/aukaafurðir skulu teknar til vinnslu svo fljótt sem kostur er. Hráefnið skal rotvarið, ísað eða kælt í eftifarandi tilfellum:

- Ef það er flutt frá fiskvinnslustöð þegar meira en sólarhringur er liðinn frá því það fellur til.
- Ef líkur eru á að vinnsla aflans í verksmiðju dragist meira en þrjá sólarhringa.

Afskurð og fráflokkaðan fisk/aukaafurðir skal vinna jafnóðum og þær berst ef vinnsla á bræðslufiski er í gangi. Verksmiðjan skal bræða hráefnið innan sjö daga frá móttöku sé þess nokkur kostur.

## 2.4 Flutningstæki og hráefnismóttaka

Rekstraraðili, eða verktaki á hans vegum, skal annast flutninga á hráefni frá fiskvinnslustöðvum þ.e. afskurði og fráflokkuðum fiski/aukaafurðum. Þó er heimilt að taka á móti afskurði og fráflokkuðum fiski/aukaafurðum frá fisksölum og fiskvinnslum sem staðsettar eru nálægt verksmiðju, enda uppfylli hráefnið mörk fyrir TVN gildi. Tæki sem notuð eru til flutnings á hráefni til verksmiðju skulu vera vökvaheld og yfirbyggð eða með yfirbreiðslum og viðurkennd af heilbrigðiseftirliti viðkomandi sveitarfélags. Gámar og ker sem notuð eru til geymslu og flutnings á hráefninu skulu vera lokað og þétt.

Hráefnismóttaka og flutningstæki skulu vandlega þrifin strax að notkun lokinni og skal vera aðstaða til þess á lóð verksmiðjunnar. Frárennsli frá þvottaaðstöðu skal hreinsað með hreinsibúnaði t.d. safn- og fitugildru.

## 2.5 Hráefnisgeymslur

Allt hráefni skal geymt í yfirbyggðum geymslum eða lokaðum geymum. Hráefnisgeymslur skulu vera þéttar og skal allt blóðvatn og annar vökví frá hráefni tekinn til vinnslu í verksmiðju eða meðhöndlað í hreinsibúnaði í samræmi við ákvæði í gr. 2.16. Þetta á einnig við um vatn frá fyrstu skolon og skal halda því í lágmarki t.d. með háþrýstdælum.

Tæming hráefnisgeymsla skal vera sjálfvirk eftir því sem frekast verður við komið. Strax og hráefnisgeymsla hefur verið tæmd skal skola hana með köldu vatni. Reynist nauðsynlegt að nota moksturstæki, skal þrifa þau vel að verki loknu. Akstur á óþrifnum moksturstækjum utan geymslusvæðisins er óheimill.

## 2.6 Blóðvatnsgeymar

Til staðar skulu vera geymar sem rúma allan vökva sem til fellur við löndun, hreinsun lesta og hráefnisgeymsla. Gera skal ráðstafanir til að vökví úr yfirföllum geyma fari í gegnum sérstakan hreinsibúnað eða í gegnum fitugildru áður en hann berst til sjávar.

## 2.7 Rot- og þráavörn

Rot og þráavarnarefnir skulu vera jafndreifð og leitast skal við að nota sjálfvirkan skömmtunarbúnað.

## 2.8 Olíugeymar

Meðferð olíu skal vera í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 35/1994, um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi.

## LOFT

### 2.9 Loftmengun

Halda skal loftmengun í lágmarki með því að vinna ferskt hráefni og með búnaði sem eyðir mengandi eftirlofti. Uppfylli hráefnið ekki kröfur sem gerðar eru til TVN gildis í grein 2.2 skal rekstraraðili tilkynna Umhverfisstofnun um slik tilvik eins fljótt og mögulegt er. Rekstraraðili skal meta veðurfar, sérstaklega vindstyrk og stefnu og forðast vinnslu þegar vindátt er að byggð.

#### **Losun frá olíubrennurum:**

Fyrir losun í útblæstri frá olíubrennara gilda eftirfarandi mörk:

Efnispáttur	Losunarmörk mg/Nm <sup>3</sup> *	Tímabil meðaltals
Ryk	100	1 sólarhringur

\*Gildir fyrir 3% súrefnisinnihald ( $O_2$ ) af rúmmáli.

### 2.10 Loftræsting frá tækjum og húsnæði

Afsog skal vera frá öllum tækjum í blautvinnslu svo sem sjóðurum, pressum, sniglum, tönkum og skilvindum. Loftræsta skal frá tækjum í mjölvinnslu svo sem mjölkvörn og mjölkæli og loftið tekið í gegnum hreinsibúnað. Loftræstingu frá tækjum skal hanna á þann hátt, að sem minnst af ómenguðu lofti sé dregið með. Húsnæði skal loftræst þannig að undirþrýstingur sé í húsinu t.d. með loftkælingu innandyra. Leita skal markvisst leiða til að halda stöðugum undirþrýstingu á húsinu við vinnslu. Ræstiloftið skal leitt í skorstein. Loft sem notað er til kælingar á mjöli skal rykhreinsað. Afsog frá öðrum tækjum til meðhöndlunar á mjöli skal einnig rykhreinsað.

### 2.11 Útblástursloft þurrkara

Loft frá gufuþurrkurum skal endurnýta t.d. með því að leiða það í gegnum glatvarmatæki, og eyða í því lykt. Loft frá loftþurrkurum skal leiða í gegnum rykhreinsibúnað t.d. sýklóna og síðan til lyktareyðingar.

### 2.12 Hreinsun útblásturslofts

Hreinsa skal allt útblástursloft frá gufuþurrkara og afsogloft frá vinnsluferlum. Kæla skal loftið vel, t.d. með sjó í sjótturni og eyða lykt í efnaturni með klórefnum eða með annarri jafn virkri aðferð svo sem brennslu í brunahólfi við 800°C í 1/3 sek.

### 2.13 Skorsteinn

Að lokinni eyðingu lyktar skal leiða útblástursloft út í gegnum skorstein sem er ekki lægri en ein og hálf húshæð miðað við gólfhlót verksmiðjuhúss og nærliggjandi húsa og í nægilegri hæð til að ekki sé stuðlað að niðurdrætti. Hraði útblásturslofts skal ekki vera minni en 20 m/s til þess að koma í veg fyrir niðurdrátt. Umhverfisstofnun getur samþykkt lægri lofthraða, með hliðsjón af hæð og hönnun skorsteins. Í því tilviki þarf rekstraraðili að leita til fagaðila til að reikna út mögulegt loftdreifilíkan og rökstyðja með þeim hætti að minni lofthraði í strompi hafi aukin umhverfisáhrif.

**VATN****2.14 Soðeimingartæki**

Soðeimingartæki skulu útbúin fullkomnum dropagildrum og skal ekki ofhlaða þau. Allt soðvatn skal nýta.

**2.15 Hreinsivökvi**

Þegar notuð eru ætandi efni, svo sem vítissódi og saltpéturssýra, til hreinsunar á tækjabúnaði t.d. soðkjarnatækjum og skilvindum, skal hreinsivökvanum dælt í geymi og hann endurnýttur eins oft og hægt er. Þegar honum er veitt til sjávar, skal sýrustigið (pH) vera innan þeirra marka sem fráveitan er gerð fyrir.

**2.16 Hreinsun frárennslis frá vinnslu**

Frárennslí frá löndunarþúnaði, hráefnisgeymslum og vinnslu skal meðhöndla í hreinsibúnaði áður en því er veitt til sjávar. Búnaðurinn skal vera sjálvhreinsandi og skal endurvinna fitu og föst efni. Eftir uppsetningu hreinsibúnaðar skal mæla fitu, svifefni og COD í frárennslí hans til að staðfesta virknina.

Annað frárennslí verksmiðjunnar sem ekki er leitt í hreinsibúnað skal leiða í fitugildru áður en því er veitt til sjávar. Þetta á við um frárennslí frá gólfum, plönum og frá þrifum. Fitugildru skal hreinsa eins oft og nauðsyn krefur.

Frárennslí skal uppfylla skilyrðin sem fram koma í gr. 2.17. Ef losun er yfir þeim mörkum sem fram koma þar getur Umhverfisstofnun krafist frekari hreinsunar á frárennslí.

Stærð og gerð hreinsibúnaðar er háð samþykki Umhverfisstofnunar. Fráveitulagnir skulu uppfylla ákvæði 9. gr. reglugerðar nr. 798/1999, um fráveitur og skólp.

**2.17 Losunarmörk á frárennslí**

Eftirfarandi mörk fyrir hámarkslosun og tímamörk gilda fyrir frárennslisvatn:

Efnispáttur	Losunarmörk	Tímabil meðaltals
Fita (oil & grease)	100 mg/l	1 sólarhringur
Svifefni	300 g/t hráefnis*	1 sólarhringur
COD(efnafræðileg súrefnisþörf)	1,5 kg/t hráefnis*	1 sólarhringur

\* Miðað er við heildarlosun frá verksmiðjunni, en heimilt er að draga frá magn efnanna ísjó sem tekinn er inn í fráveitu.

**2.18 Annað frárennslí**

Frárennslí frá snyrtungum skal leiða í almenningsfráveitu. Þar sem það er ekki framkvæmanlegt skal hreinsa frárennslí í hreinsunarbúnaði í samræmi við reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp.

**ÚRGANGUR****2.19 Almennt**

Stuðlað skal að endurnýtingu og draga skipulega úr myndun úrgangs. Úrgangi skal komið til endurnýtingar eða skipulagðrar förgunar.

## ANNAÐ

### **2.20 Hávaði**

Rekstraraðili skal draga úr hávaða frá verksmiðjunni eins og kostur er og tryggja að hávaði frá starfseminni sé í samræmi við töflu III og önnur ákvæði reglugerðar nr. 724/2008, um hávaða. Hávaði við húsvegg utan vinnusvæðis rekstraraðila skal ekki fara yfir 70 dB(A)LÄq á iðnaðarsvæði og 55 dB(A)LÄq í íbúðabyggð.

### **2.21 Lýsisgeymar og lekavarnarþró**

Lýsisgeymar skulu vera í lýsisheldri þró. Rúmtak lekavarnar skal vera sem hér segir: Fyrir einn geymi skal rúmtak lekavarnar vera meira en sem nemur 90% af rýmd geymis. Ef fleiri en einn geymir er í sömu lekavörn skal rúmtak lekavarnar vera meira en sem nemur 90% af rýmd stærsta geymis í lekavörninni að viðbættri rýmd annarra geyma í hæð lekavarnar. Hafi rekstraraðili aðgang að olíuflotgirðingu, sem er a.m.k. 130 metrar að lengd, til að hefta útbreiðslu lýsis sem fer í sjó, er heimilt að minnka rýmd lekavarna í 60%. Rekstraraðili skal skila inn til Umhverfisstofnunar staðfestingu á því að notkun flotgirðingar sé æfð á a.m.k. 5 ára fresti.

Á frárennsli þróar skal vera lokunarbúnaður af viðurkenndri gerð og hann þannig staðsettur að ekki sé hætta á því að hann verði fyrir hnjasí. Lokinn skal standa lokaður nema þegar þróin er tæmd.

### **2.22 Athafnasvæði**

Rekstraraðili skal halda athafnasvæði sínu snyrtilegu. Ekki skal geyma vélarhluta eða annað lauslegt dreift um rekstrarsvæðið og fiskúrgang skal fjarlægja af lóð þegar í stað. Allar akstursleiðir við verksmiðju og plón við verksmiðjudyr skulu lagðar bundnu olíu- og fituþolnu slitlagi.

### **2.23 Hreinlætisáætlun fyrir gólf verksmiðjuhúss og önnur svæði**

Gólfí í verksmiðjuhúsi og öðrum svæðum sem geta lyktað, skal haldið hreinum. Gera skal hreinlætisáætlun til að sporna gegn lykt í verksmiðjuhúsum og utan þeirra.

### **2.24 Skráning efna, efnanotkun, leyfisveitingar og mat**

Rekstraraðili skal vinna samkvæmt efnalögum nr. 61/2013 og reglugerð nr. 750/2008 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH) sem og öðrum reglugerðum sem gilda um efni og efnablöndur. Við alla efnameðferð skal gæta þess að öryggisblöð séu aðgengileg og uppfærð.

Sé þess kostur skal skipta út eftum eða efnablöndum sem eru talin geta haft í för með sér óæskileg áhrif á heilsu manna eða skaðað umhverfið. Við geymslu og meðhöndlun efna skal takmarka aðgengi og mengunarhættu eins og kostur er. Við mengunaróhöpp skal fylgja viðbragðsáætlunum skv. grein 4.4.

## **3. INNRA EFTIRLIT REKSTRARAÐILA**

### **3.1 Skráningar**

Rekstraraðili skal hafa reglulegt eftirlit með rekstrarþáttum sem geta haft í för með sér mengun eða losun efna út í umhverfið. Rekstraraðili skal skrá upplýsingar um eftirfarandi atriði og skulu skráningar vera aðgengilegar eftirlitsaðila:

- Viðhald, eftirlit og bilanir í mengunarvarnabúnaði þ.e. lyktareyðingarbúnaði, fitugildru og öðrum hreinsibúnaði fyrir frárennsli.
- Tæmingu fitugildru ásamt staðfestingu flutningsaðila eða móttökustöðvar.
- Allan úrgang sem til fellur við framleiðsluna, sbr. ákvæði reglugerðar nr. 184/2002, um skrá yfir spilliefni og annan úrgang.
- Notkun efna sbr. gr. 2.24, þar með talin rotvarnarefni og efni notuð í efnaturni.
- Magn og gerð spilliefna sem skilað er til móttökustöðvar ásamt staðfestingu flutningsaðila og/eða móttökustöðvar.
- Mengunaróhöpp og viðbrögð við þeim.
- Framkvæmd hreinlætisáætlana skv. grein 2.23.

### 3.2 Eftirlitsmælingar

Gera skal eftirfarandi mælingar þegar verksmiðjan er í fullri vinnslu og skulu niðurstöður vera aðgengilegar og sendar eftirlitsaðila:

- Ástand landaðs hráefnis t.d. hitastig og TVN gildi.
- TVN-gildi og hitastig hráefnis sem tekið er til vinnslu skal mæla að lágmarki einu sinni á dag, á föstum fyrirfram ákevðnum tínum, t.d. í byrjun vakta og alltaf þegar skipt er um hráefnisgeymslu eða farm. Taka skal fleiri mælingar sama dag ef TVN gildið fer yfir 100 mg N/100 g. Allar mælingar á TVN skulu ávallt vera aðgengilegar eftirlitsaðila og skulu niðurstöðurnar sendar eftirlitsaðila eftir hverja vertið.
- Fitu, svifefni og COD í frárennslí verksmiðjunnar skal mæla árlega í samræmi við leiðbeiningar Umhverfisstofnunar og skal skila niðurstöðum til Umhverfisstofnunar fyrir 1.maí ár hvert. Mælt skal í frárennslí frá fitugildru og öðrum hreinsibúnaði og skal mælingin ná yfir einn sólarhring (meðalsýni) meðan vinnsla er í gangi og skal viðeigandi aðstaða fyrir sýnatöku vera til staðar. Einnig er heimilt að mæla fitu, svifefni og COD í sjó sem tekinn er inn í fráveitu og fá þannig út losun sbr. losunarmörk í grein 2.17.
- Framkvæma skal rennslismælingar í frárennslí á sama tíma og sýnataka fer fram.
- Rekstraraðili getur látið mæla BOD í stað COD, kjósi hann svo, og skal þá skila útreiknuðu COD-gildi til eftirlitsaðilala auk hins mælda gildis.
- Eftirlitsaðili getur jafnframt farið fram á mælingar á sýrustigi við losun sýru og vítissóda í frárennslí telji hann ástæðu til.
- Mælingar á útblásturshraða í skorsteini sbr. grein 2.11. Mæla skal útblásturshraða einu sinni á starfsleyfistíma, fyrir 1. janúar 2016. Sé útblásturshraði nægjanlegur þarf ekki að endurtaka mælinguna á starfsleyfistímanum, nema gerðar verði breytingar sem ætla má að geti valdið breyttum útblásturshraða.
- Framkvæma skal mælingar á ryki í úblæstri allra olíubrennara fyrir árslok 2014 og getur Umhverfisstofnun krafist frekari mælinga, þyki ástæða til.

Umhverfisstofnun getur sett nánari skilyrði um hvernig staðið er að sýnatöku.

### 3.3 Grænt bókhald og útstremmisbókhald

Rekstraraðili skal færa grænt bókhald í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 851/2002, um grænt bókhald. Eftirlitsmælingum í grein 3.2 skal skilað með grænu bókhaldi. Rekstraraðili skal færa útstremmisbókhald í samræmi við reglugerð nr. 990/2008, um útstremmisbókhald.

Skila skal niðurstöðum árlega í samræmi við ákvæði viðeigandi reglugerða eða fyrir 1. maí ár hvert.

### **3.4 Hávaði**

Eigi síðar en í árslok 2015 skal mæla hávaða frá verksmiðjunni. Mælingin skal miðast við það hvort fylgt sé kröfum í grein 2.20.

## **4. EFTIRLIT, STARFSHÆTTIR OG UMHVERFISMARKMIÐ**

### **4.1 Starfshættir**

Rekstraraðili skal tryggja gæði hráefnis eins og best verður á kosið með markvissum vinnubrögðum sem miða að því að halda mengun lofts og lagar í lágmarki. Viðhald á mengunarvarnabúnaði skal vera fyrirbyggjandi.

Rekstraraðili skal setja sér umhverfismarkmið og starfa samkvæmt þeim. Skulu umhverfismarkmiðin liggja fyrir eigi síðar en 1. júní 2015 og endurskoðuð á 4 ára fresti. Ef umhverfismarkmið eru hluti af umhverfisstjórnunarkerfi rekstraraðila er fullnægjandi að vísa til þeirra.

### **4.2 Samskipti**

Sérstakur fulltrúi rekstraraðila skal vera tengiliður við eftirlitsaðila og ber hann ábyrgð á samskiptum rekstraraðila vegna eftirlits með mengunarvörnum fyrirtækisins og framkvæmd viðbragðsáætlana. Eftirlitsaðili getur haft samband við þennan aðila utan hefðbundins starfstíma ef þörf krefur.

### **4.3 Umhverfisstjórnunarkerfi**

Rekstraraðili getur valið að vinna eftir umhverfisstjórnunarkerfi. Velja má staðlað umhverfisstjórnunarkerfi, t.d. ÍST EN ISO 14001:2004 eða þátttöku í umhverfismálakerfi ESB sbr. reglugerð nr. 334/2013, um frjálsa þátttöku fyrirtækja og stofnana í umhverfisstjórnunarkerfi bandalagsins (EMAS), eða starfa samkvæmt eigin kerfi.

Velji rekstraraðili að reka innra eftirlit sem uppfyllir staðlaðar kröfur er eftirlitsaðila heimilt skv. gr. 12.6 í reglugerð nr. 786/1999, að draga úr eftirliti og lækkar þá eftirlitsgjald sem því nemur. Þá er heimilt að draga úr reglubundnu mengunarvarnaeftirliti hjá atvinnurekstri sem er með innra eftirlit með ákveðnum eftirlitsþáttum sem eftirlitsaðili hefur samþykkt.

### **4.4 Áhættumat og viðbragðsáætlun**

Rekstraraðili skal vera með viðbragðsáætlun sem unnin er á grundvelli áhættumats sem að lágmarki felur í sér skilyrði í viðauka I.B. í lögum nr. 33/2004, um varnir gegn mengun hafs og stranda. Þar skal taka á hugsanlegri hættu á bráðamengun og hvenær tilkynna skuli um mengunaróhöpp til Umhverfisstofnunar. Tryggja skal að starfsfólk hafi fullnægjandi þekkingu á eitrunarhættu og eiginleikum þeirra efna sem það vinnur með og skulu upplýsingar þar að lútandi ávallt vera tiltækar. Viðunandi viðbragðsáætlun skal fullnægja skilyrðum í lögum nr. 33/2004 og vera aðgengileg fyrir eftirlitsaðila.

### **4.5 Tilkynningar vegna mengunaróhappa**

Verði óhapp eða slys sem hefur í för með losun mengandi efna í umhverfið skal þegar í stað gripið til aðgerða skv. viðbragðsáætlun sbr. grein 4.4, til þess að fyrirbyggja að mengun valdi skaða á umhverfi.

Verði bilun í mengunarvarnabúnaði skulu hafnar nauðsynlegar lagfæringar. Tilkynna skal um slík tilvik, önnur óhöpp eða slys í samræmi við viðbragðsáætlun sbr. grein 4.4. Einnig skal rekstraraðili fara yfir

atvikið og gera ráðstafanir sem miði að því að hindra að sambærilegt atvik endurtaki sig. Eftirlitsaðili skal upplýstur um slíkar ráðstafanir.

#### **4.6 Tryggingar vegna bráðamengunar**

Rekstraraðili skal taka ábyrgðartryggingu eða leggja fram aðra fullnægjandi tryggingu sem Umhverfisstofnun metur gilda, allt að 1 milljón SDR, sbr. ákvæði 16. gr. laga nr. 33/2004.

#### **4.7 Eftirlit**

Umhverfisstofnun hefur eftirlit með starfsemi rekstraraðila í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 786/1999, um mengunarvarnaeftirlit. Umhverfisstofnun getur falið öðrum framkvæmd hluta eftirlits í samræmi við ákvæði greina 7.4 og 9.1 í reglugerðinni.

Eftirlit felst m.a. í reglubundinni skoðun á vettvangi, móttöku athugasemda, fyrirspurna og yfirferð gagna sem rekstraraðila ber að skila. Eftirlitsskyldum aðilum er skylt að veita allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru vegna eftirlits með framkvæmd laganna og ber þeim endurgjaldslaust að afhenda sýni sem talin eru nauðsynleg vegna eftirlits samkvæmt 3. mgr. 28. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Viðbótareftirlit getur farið fram m.a. vegna nýs búnaðar, vegna kvartana eða sérstakra úttekta vegna áætlana sem rekstraraðili hefur gert um úrbætur.

#### **4.8 Breytingar á mælingum**

Eftirlitsaðili getur, telji hann ástæðu til, farið fram á tiðari mengunarmælingar eða efnagreiningar en starfsleyfið gerir ráð fyrir eða heimilað að dregið verði úr tíðni mælinga eftir því sem við á.

### **5. UMHVERFISVÖKTUN**

#### **5.1 Vöktunarmælingar**

Rekstraraðili skal taka þátt í vöktun á helstu umhverfispáttum í nágrenni verksmiðjunnar í samræmi við umfang losunar fyrirtækisins og vöktunarkröfur vegna alþjóðlegra samninga sem Ísland á aðild að. Umhverfisstofnun mun meta þörf á sérstakri vöktunaráætlun hverju sinni eða þáttöku rekstraraðila í sameiginlegum vöktunaráætlunum.

#### **5.2 Mælingar á frárennsli**

Rekstraraðili skal framkvæma heildarúttekt á losun mengandi efna í samráði við Umhverfisstofnun. Mælingar skal gera á fitu, svifefni og COD og/eða BOD í sýnum sem tekin eru samhlíða rennslismælingum. Úttektin skal taka fyrir vinnslu á helstu tegundum braðslufisks sem tekinn er til vinnslu í verksmiðjunni og gera bæði grein fyrir vetrarvinnslu og sumarvinnslu. Gera skal rennslismælingar ífrárennslislögnum verksmiðjunnar annars vegar miðað við venjulega vinnslu og hins vegar við löndun. Mælingarnar skulu vera eins áreiðanlegar og kostur er og gera skal grein fyrir mæliaðferðum og atriðum sem geta haft áhrif á túlkun niðurstaðna og ráðstöfunum til að bregðast við skekkjuvöldum í mælingum, svo sem seltu og aðstæðum við rennslismælingar. Gæta skal að því að mæliraðir séu nógu langar til að forðast tilfallandi skekkjur og óvissu. Á grundvelli mælinganna skal meta heildarlosun lifraenna efna frá verksmiðjunni þannig að áhrif á umhverfið og hugsanlegt verðmætatap liggi fyrir. Við úttektina er heimilt að samnýta mælingar skv. gr. 3.2.

Rekstraraðili skal skila til Umhverfisstofnunar niðurstöðum þessarar úttektar fyrir 1. maí 2016 ásamt upplýsingum um heildarmagn unnings hráefnis þann tíma sem könnunin nær yfir.

## 6. GJALDSKYLDA

Starfsemi þessi er flokkuð í 2. eftirlitsflokk samkvæmt lið 1a í fylgiskjali 1 í reglugerð nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Rekstraraðili greiðir Umhverfisstofnun gjald vegna útgáfu og kynningar starfsleyfisins og greiðir eftirlitsaðila gjald vegna reglubundins eftirlits skv. gjaldskrá Umhverfisstofnunar. Gjald vegna viðbótareftirlits, svo sem vegna vanefnda eða kvartana, greiðist sérstaklega samkvæmt gjaldskrá.


## 7. GILDISTAKA

Starfsleyfi þetta, sem er veitt samkvæmt reglugerð nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, sbr. lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, öðlast þegar gildi og gildir til 17.september. 2030. Með gildistöku þessa starfsleyfis fellur úr gildi eldra starfsleyfi verksmiðjunnar frá 4. mars 2002 sem útgefið var af Hollstuvernd ríkisins.

Reykjavík 17.09.2014

Umhverfisstofnun

  
Kristín Linda Árnadóttir  
Forstjóri

  
Sigrún Agústsdóttir  
sviðsstjóri

## Viðauki

### Yfirlit yfir skiladaga:

Í eftirfarandi ákvæðum starfsleyfisins eru skiladagar tilgreindir:

- Mæla skal útblásturshraða einu sinni á starfsleyfistíma, fyrir 1. janúar 2016, skv. grein 3.2.
- Fitu, svifefni og COD í frárennsli verksmiðjunnar skal mæla árlega samkvæmt grein 3.2 og skila niðurstöðum til Umhverfisstofnunar fyrir 1. maí ár hvert.
- Framkvæma skal mælingar á ryki í útblæstri allra olíubrennara fyrir árslok 2014 skv. grein 3.2.
- Í grein 3.3 segir að skila skuli niðurstöðum græns bókhalds og útstreymisbókhalds árlega í samræmi við ákvæði reglugerða nr. 851/2002 og 990/2008. Skiladagar eru fyrir 1. maí ár hvert.
- Eigi síðar en í árslok 2015 skal mæla hávaða frá verksmiðjunni skv. grein 3.4.
- Rekstraraðili skal skila til Umhverfisstofnunar niðurstöðum úttektar á frárennsli fyrir 1. maí 2016, skv. grein 5.2.
- Vinna skal að umhverfismarkmiðum fyrir rekstur verksmiðjunnar og skulu þau liggja fyrir eigi síðar en 1. júní 2015. Markmiðin skulu endurskoðast á 4 ára fresti.

Sé misræmi á milli þessa viðauka og megintexta starfsleyfisins gildir megintextinn.

## Fylgiskjal

### Ákvörðun losunarmarka:

- i. Mörk í grein 2.2 fyrir reikula basa í hráefni eru ákvörðuð út frá því að brennisteinsvetni byrjar að myndast í fiskhráefni við TVN gildi 50 - 100 mg N/100 g (Reference Document on Best Available Techniques in the Slaughterhouses and Animal By-products Industries, May 2005 (IPPC), bls 321).
- ii. Losunarmörk á ryki í grein 2.9 eru sett 100 mg/Nm<sup>3</sup>, sem eru þau mörk sem olíubrennari í viðunandi ástandi á að geta náð.
- iii. Losunarmörk á fitu (oil & grease) í grein 2.17 eru þau sömu og í sambærilegum norskum leyfum (<http://www.norskeutslipp.no/no/Diverse/Virksomhet/?CompanyID=5336>).
- iv. Losunarmörk á svifefni í grein 2.17 eru þau sömu og í sambærilegum norskum leyfum (<http://www.norskeutslipp.no/no/Diverse/Virksomhet/?CompanyID=5336>).
- v. Losunarmörk á COD í grein 2.17 eru eins og í sambærilegum leyfum.